

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra
vegna verslunar- og þjónustusvæðis á Stekkatúni.

Skipulagsstofnun staðfesti 4. september 2024 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028, sem samþykkt var í sveitarstjórn 14. febrúar 2024.

Í breytingunni felst breyting á landnotkun úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði VP36, 6,7 ha, í landi Stekkatúns með heimildum fyrir 12 gistihús og þjónustubyggingar með heildarbyggingarmagn allt að 510 m².

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 4. september 2024.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 18. september 2024